



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Notendaráð í málefnum fatlaðs fólks
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 8. desember 2022

Efni: Yfirferð á nokkrum undirsíðum á www.kopavogur.is

Í velferðarstefnu Kópavogs er stefnuáhersla sem snýr að auknu aðgengi að þjónustu velferðarsviðs en þar segir m.a. að stefnt sé að því að auka aðgengi íbúa að upplýsingum, fræðslu og þjónustu. Sérstaklega eigi að huga að framsetningu upplýsinga á heimasíðu Kópavogsbæjar þannig að þær séu aðgengilegar öllum íbúum, þ.m.t. íbúum af erlendum uppruna, öldruðum og fötluðu fólki. Á grundvelli þessarar stefnuáherslu var tekin ákvörðun um að setja markmið í aðgerðaáætlun velferðarsviðs 2022 um bætta upplýsingagjöf í gegnum heimasíðu bæjarins. Tilgreindar voru tvær aðgerðir til að ná markmiðinu en önnur þeirra snéri að yfirferð á undirsíðum á heimasíðu bæjarins með augum notenda í gegnum notendaráð í málefnum fatlaðs fólks.

Fulltrúar í notendaráði í málefnum fatlaðs fólks og fulltrúar í velferðarráði eru beðnir að rýna þær síður þar sem þjónusta velferðarsviðs er kynnt með áherslu á þjónustu við fatlað fólk (sjá rauða ferhyrninginn á myndinni hér fyrir neðan). Yfirlit yfir velferðartengda þjónustu er á þessari síðu: <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/velferd>

Forsíða / Íbúar / Velferð

Velferð

Google translate

Eldri borgarar Ferðabjónusta aldraðra Félagsleg heimaþjónusta	Félagsleg úrræði Félagslegar leiguíbúðir Fjárhagsaðstoð Reiknivél húsnæðisbóta Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur	Fólk með fötlun Búseta Dvöl-Samfélagshús Ferðabjónusta Réttindagæsla Skammtímvistun Styrkir til náms og tækjakaupa Félagsleg liðveisla Hæfing, starfsþjálfun og vernduð vinna Stuðningsfjölskyldur	Börn og fjölskyldur Áttan - uppeldisráðgjöf Barnavernd Kviðanámskeið fyrir börn og unglínga Námskeið um uppeldi barna með ADHD PMTO - foreldrafærni Stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra
--	---	--	--

Á sameiginlegum fundi ráðanna þann 12. desember n.k. gefst fulltrúum tækifæri til að koma rýni sinni, ábendingum og athugasemdum á framfæri. Undirrituð mun leitast við að ná niður því sem fram kemur á fundinum í vinnuskjal fyrir ritstjórn heimasíðunnar en þeir fulltrúar sem það kjósa geta einnig sent sína rýni á netfangið johannalilja@kopavogur.is eftir fundinn.



Rétt er að geta þess að búið er að taka undirsíðuna „Börn og fjölskyldur“ til nýlegrar endurskoðunar <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/velferd/born-og-fjolskyldur> en í tengslum við innleiðingu samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna verða allar undirsíður heimasíðunnar sem tilgreina þjónustu við börn og fjölskyldur hvort sem það er á vegum mennta- eða velferðarsviðs endurskoðaðar með gerð nýrrar „farsældarsíðu“ þar sem allar upplýsingar verða settar fram með notendavænum hætti en ekki út frá því skipulagi sem stofnanir bæjarins hafa sett verkefnum sínum. Ráðist verður í gerð „farsældarsíðunnar“ á árinu 2023 í samstarfi mennta- og velferðarsviðs við UT deild.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs